



Dagsetning: 4. október 2024
Málsnúmer: 2409161/2.4

Til fjölskyldunefndar

MINNISBLAÐ

Um breytingu á gjaldskrá fyrir stuðningsþjónustu í Fjarðabyggð

Efni:

Framlagðar eru breytingar á gjaldskrá fyrir stuðningsþjónustu í Fjarðabyggð samkvæmt eftirfarandi samþykkt bæjarráðs þann 23.9.2024:

„Umfjöllun um gjaldskrár Fjarðabyggðar og hækkunarstuðul í gjaldskrá. Bæjarráð samþykkir að gjaldskrár sem snúa að barnafjölskyldum hækki að jafnaði um 2,5 % og aðrar gjaldskrár um 5,6%.“

Gjaldskrá um stuðningsþjónustu hækkar því um sem nemur 5,6%.

Aðstoð við almenna stuðningsþjónustu hækkar úr 1.756 kr í 1.854 kr.

Hver máltíð af heimsendum mat hækkar úr 1.529 kr í 1.615 kr.

Hver kílómetur sem ekinn er vegna ferða sem samþykktar eru í þjónustusamningi vegna sérfræðiaðstoðar eða lengri ferða hækkar úr 56 kr í 59 kr.

Hver snjómokstur hækkar úr 8.775 kr í 9.266 kr.

Ef óskað er eftir vélmokstri, þ.e. að stinga úr bílastæði hækkar hver mokstur úr 16.875 kr í 17.820 kr.

Virðingarfyllt

Aðalheiður Björk Rúnarsdóttir
Stjórnandi félagsþjónustu